



### 2. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn miðvikudaginn 29. apríl á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Eymundur Sigurðsson (ES), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), og Geirarður Long (GL).

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Einar Grétarsson og Anna Sigurðardóttir boðuðu forföll.

---

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Erindi frá sunddeild.

Erindi frá sunddeild vegna hugmynda þeirra um að halda sundnámskeið í innilauginni að Lágafelli sem þau þurfa að greiða gjald til bæjarins fyrir afnot af sundlauginni og þau eru ósátt með að þurfa að gera. Formaður sagði frá fundi sem hún og framkvæmdastjóri áttu með bærarstjóra m.a. vegna þessa máls í gær. Þar kom skýrt fram að bærinn rukkar gjald fyrir öll námskeið fyrir utan samþykka æfingatöflu deilda Aftureldingar í sal og sundi að Lágafelli. Félagið þurfi að borga eins og aðrir fyrir öll þau námskeið sem væru fyrir utan samþykka æfingartöflur félagsins. Aftur á móti er Afturelding með allar tekjur af útleigutímum á Varmásvæðinu sem það nýtir ekki fyrir deildarstarf sitt. Aðalstjórn bendir því sunddeild á að þeim standi til boða að halda námskeið, án þess að borga fyrir aðstöðu, í sundlauginn að Varmá. Framkvæmdastjóra falið að gera skriflegan samning um þessi mál svo þessi mál séu skýr á blaði.

#### 2. Hreinsunaráttak.

Indriði framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmd átaksins sem tókst mjög vel að þessu sinni í nánun samstarfi við áhaldahús bæjarins og starfsmenn þess. Nokkrar breytingar voru gerðar á skipulaginu sem komu vel út.

#### 3. Formannafundur í maí.

Stjórnin ákvað að boða formannafund miðvikudaginn 20. maí kl. 19.00.

#### 4. Önnur mál.

- Dagný formaður ræddi um hve góður árangur í afreksíþróttum hefði góð og jákvæð áhrif á starfið og iðkendur í félaginu og á samheldni fólks í bærarfélaginu öllu þessa dagana. Vildi hún koma þakklæti á framfæri frá aðalstjórn til þeirra sem framkvæmdu og stýrðu þessum fjölmennu viðburðum sem þessir leikir eru um þessar mundir.

Dagný formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Fundi slitið 20:00

Indriði Jósafatsson  
(sign.)